

**27. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, 7. desember 2020
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Heiðar Jóhannsson (HJ) , Ingibjörg Jóna Nóatóttir (IJN) , Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Hafnarstjóri

Dagskrá:

1. Höfn gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2021 - 2012396

Tillaga að gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2021 lögð fram.

Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkir framlagða gjaldskrá og vísar henni áfram til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Samþykkt

2. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024

Framhald á umræðum á 26. fundi Atvinnu- og hafnarráðs sem fór fram 28.09.2020 um fjárfestingu og viðhald á hafnarsvæði.

Atvinnu- og hafnarnefnd leggur til að gert verði ráð fyrir fjármunum til fjárfestingar á hafnarsvæði í samræmi við kostnaðaráætlun frá 31.05.2019 sem var unnin í samráði við Hafnasvið Vegagerðarinnar. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að valkostagreining og hönnun fari fram á árinu 2021 í samráði við Vegagerðina þannig að hægt verði að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir hið fyrsta.

Þá var rætt um gjaldskrá Tjaldsvæðis fyrir árið 2021 og gerir nefndin ekki tillögu að breytingu á henni að svo stöddu.

Samþykkt

3. Strandgata 39-41, sameining lóða - 2004602

Mál frá 26. fundi Atvinnu- og hafnarnefnd sem fór fram 28.09.2020.

Atvinnu- og hafnarnefnd telur rétt að deiliskipulag á hafnarsvæði næst Strandgötu sé tekið til endurskoðunar vegna lóðamarka á því svæði. Hafnarstjóra, í samráði við byggingafulltrúa, er falið að vinna málið áfram.

4. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - 2009255

Tekið fyrir erindi frá Sjótekni dags. 14.09.2020 er varðar umsókn um breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar lóðar á hafnarsvæði sem nefnt hefur verið Hafnarskemma.

Mál vísað til atvinnu- og hafnarráðs frá 49. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd sem fór fram 29.09.2020. Þar kemur fram að Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í umsóknina en getur ekki tekið afstöðu til hennar fyrir en frekari upplýsingar liggja fyrir. Byggingarfulltrúa, í samráði við hafnarstjóra,

var falið að fara í frekari viðræður við umsækjendur varðandi fyrirkomulag byggingar á lóðinni til þess að þrengja ekki að hafnarsvæðinu áður en farið verði í breytingu á deiliskipulagi.

Atvinnu- og hafnarnefnd tekur jákvætt í erindið en telur mikilvægt að við breytingar á lóðamörkum sé gætt að því ekki sé þrengt að flutningleið að viðlegukannti sem og að nægjanlegt pláss sé til að athafna sig við flotbryggju.

Samþykkt

5. Höfn eftirlit með móttökuáðstöðu - 2009324

Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 08.10.2020 þar sem tilkynnt eru um niðurstöðu eftirlits með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í Tálknafjarðarhöfn. Fram kemur að engin frávik hafi komið fram við eftirlit og geri Umhverfisstofnun því engar athugasemdir.

Lagt fram til kynningar.

6. Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á hafnalögum nr. 612003. - 2011330

Umsögn sveitarstjóra vegna frumvarps til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 dags. 23.11.2020 lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

7. Fundargerðir 2020 Hafnasamband - 2001111

Fundargerðgerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 427 frá 19.10.2020 og nr. 428 frá 13.11.2020.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.

Heiðar Jóhannsson (HJ)

Ingibjörg Jóna
Nóatóttir (IJN)

Guðlaug
Sigurrós Björnsdóttir (GSB)

Ólafur Þór
Ólafsson (ÓÞÓ)